

Hrafnista, 19. október 2020

Kæru íbúar og aðstandendur Hrafnistu

Fyrir hönd Hrafnistuheimilanna viljum við byrja á að þakka ykkur fyrir þann skilning sem þið hafið sýnt þeirri erfiðu ákvörðun sem Neyðarstjórn Hrafnistu tók þann 4. október síðastliðinn um að loka Hrafnistuheimilunum.

Heilsa og velferð íbúa okkar á Hrafnistu eru ávallt í forgangi og allar aðgerðir miðast að því að vernda okkar fólk sem flestir eru aldraðir og/eða með ýmsa undirliggjandi sjúkdóma og eru í því í sérstökum áhættuhóp um að veikjast alvarlega. Neyðarstjórn Hrafnistuheimilanna hefur því ákveðið að stíga varlega til jarðar.

Í ljósi þess að við erum enn á viðkvæmum tíma í faraldrinum sem nú stendur yfir, mun Neyðarstjórn Hrafnistu meta stöðuna næstu daga og taka ákvörðun á miðvikudaginn 21. október hvort og þá hvenær hægt verði að opna Hrafnistuheimilin aftur með takmörkunum.

Kær kveðja,

Neyðarstjórn Hrafnistu.